



Frelsi og velferð

saga 20.aldar II

(Hellerud, S.V. og Knutsen, K. Þýðing og staðfærsla: Gunnar Karlsson
Námsgagnastofnun: 2011)

Helga Hauksdóttir
skóladeild Akureyrar
2013

Friður á jörðu

Seinni heimsstyrjöldin hafði mikil áhrif á líf fólks um allan heim.

Þjóðverjar áttu þá í stríði við lönd Evrópu og margar milljónir manna dóu.

Margar borgir voru aðeins rústir eftir heimsstyrjöldina. Hitler, sem var þýskur hershöfðingi, er það nafn sem flestir tengja við heimsstyrjöldina.

Hvað var það sem Hitler vildi gera í stríðinu?

Hitler var viss um að Aríar væru betri en aðrir þjóðflokkar. Hvaða þjóð var það sem hann vildi losna við úr Þýskalandi?

Eftir að stríðinu lauk, árið _____ voru flestar þjóðir sammála því að nauðsynlegt væri að reyna að koma í veg fyrir að svona stríð yrði nokkurn tíma aftur. Þess vegna stofnuðu þjóðirnar sem unnu stríðið samtök sem nefnd voru **Sameinuðu þjóðirnar**. Það var árið

_____ og stofnfundurinn var haldinn í

_____ Fyrsta alþjóðþing

Sameinuðu þjóðanna var haldið í _____.

árið _____.


Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að vinna að því að allt fólk ætti jafnan rétt og tryggja almenn mannréttindi allra.

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 er sagt nákvæmlega hvaða réttindi hver einasta manneskja á að hafa (bls.7).



Ein tenging – tvær spurningar – þrjár staðreyndir: Um heimsstyrjöldina

Ein tenging – krækja í fyrri þekkingu



Mannúðarstörf : Hvernig störf eru það? (bls. 7)

Ári eftir að samtök Sameinuðu þjóðanna voru stofnuð ákváðu Íslendingar að sækja um að fá að vera með í samtökunum. Það voru þó alls ekki allir Íslendingar sammála því. Veistu af hverju sumir voru á móti því? (bls. 8)

Eftir heimsstyrjöldina voru Sameinuðu þjóðirnar sammála um að allir menn ættu að hafa sömu réttindi. Mörg Evrópulönd réðu hins vegar yfir löndum í öðrum heimsálfum sem kölluð voru **nýlendur**. Flest lönd Afríku voru t.d. nýlendur Evrópubúa og líka Indland og Ástralía, auk fleiri landa.

Í fréttum höfum við oft heyrt rætt um Palestínu en þar hefur verið mikill ófriður. Palestína var nýlenda Bretlands. Þar búa bæði gyðingar og arabar, sem báðir vilja stjórna landinu. Sameinuðu þjóðunum hefur



gengið illa að stuðla að friði í Palestínu og þar geysar enn ófriður.

Fáni Sameinuðu þjóðanna. Í kringum jörðina er grein af ólífuviði sem er friðartákn. Nú eru öll almennt viðurkennd, sjálfstæð ríki aðilar að Sameinuðu þjóðunum nema Vatikanið. **Ríkin**

eru nú 193 talsins. Höfuðstöðvar S.þ. eru í New York.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar voru sammála um að það þyrfti sérstaklega að hugsa um réttindi barna og að veita þeim vernd. Þess vegna var byrjað að vinna að sérstökum sáttmála fyrir börn. Hann var tilbúinn árið 1989. Barnasáttmálinn er nú hluti af íslenskum lögum og Íslendingar hafa samþykkt að fara eftir honum eins og önnur lönd innan Sameinuðu þjóðanna.




Í Barnasáttmálanum kemur fram að foreldrar skuli veita börnum sínum leiðsögn og stuðning í lífinu. Börn eiga líka rétt á vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Þau eiga rétt á hvíld og tómsundum og grunnmenntun á þess að þurfa að borga fyrir hana. Öll börn eiga rétt á að hafa eigin trú og nota eigið tungumál.

Margt fleira kemur fram í Barnasáttmálanum og það er hægt að lesa hann á netinu:

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyttriutgafa.html>

Að læra og skilja - Sameinuðu þjóðirnar


(Form Frayers)



(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)

Að læra og skilja - um nýlendur

(Form Frayers)



(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)

Kalda stríðið 1945 - 1991 (bls. 10 - 15)


Innan Sameinuðu þjóðanna eru bæði stór og lítil lönd. Oft hefur fólk frá litlu löndunum verið valið til að stjórna starfi Sameinuðu þjóðanna (t.d. frá Noregi). Það er vegna þess að tvö stór ríki, Bandaríkin og Sovétríkin voru hrædd um að annað þeirra væri að reyna að fá að ráða öllu. Þá fannst þeim betra að einhverjir aðrir fengju að vera framkvæmdastjórar Sameinuðu þjóðanna.

Alveg frá 1945 þegar heimsstyrjöldinni lauk og til 1991 voru Bandaríkin og Sovétríkin hrædd um að hitt ríkið væri að reyna að ráða yfir heiminum. Þess vegna var þeim ekki vel hvoru við annað og þetta var nokkurs konar barátta á milli austurs og vesturs sem var kölluð **kalda stríðið**

Oftast eru stríð **heit** – það er þegar notuð eru vopn í stríði en í **kalda** stríðinu voru ekki notuð vopn, heldur t.d. orð og hótanir.

Dæmi:

- Bandaríkjamenn og Sovétmenn litu hvor á annan sem óvin
- Þeir kepptust um að eiga sem flest og áhrifamest vopn
- Þeir kepptust við að hafa áhrif á önnur lönd í heiminum
- Þeir hjálpuðu þeim löndum sem höfðu sömu skoðanir og þeir
- Þeir vildu ekki semja um frið



Hvorki Bandaríkin né Sovétríkin vildu samt fara í stríð. Ef annað ríkið réðist á hitt yrði hefndin svo mikil að bæði ríkin gætu lagst í rúst. Þau höfðu bæði verið í kapphlaupi um að smíða öflug vopn og voru tilbúin til að

hefna sín ef einhver réðist á þau. Núna eru til miklu færri kjarnorkuvopn en á tímum kalda stríðsins. Þá voru til um 70.000 sprengjur en núna er talið að það séu til um 27.000 sprengjur. Með þessum kjarnorkusprengjum er hægt að útrýma öllu lífi á jörðinni.

Þessi tvö **risaveldi** voru mjög ólík. Í Sovétríkjunum ríkti einræði kommúnista en Bandaríkin voru frjálslynt lýðræðisríki. Bæði ríkin voru viss um að þeirra ríki væru best og vildu að allir aðrir gerðu líka eins og þau.

Löndin í Evrópu voru á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Löndin sem voru í austurhluta Evrópu voru líkari Sovétríkjunum - t.d. Austur-Þýskaland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Rúmenía og Búlgaría.

Löndin sem voru í vesturhluta Evrópu voru líkari Bandaríkjunum. Það voru t.d. Vestur-Þýskaland, Frakkland, Bretland, Norðurlöndin o.fl. Í þeim löndum var lýðræði.

Í kommúnistaríkjunum réði ríkisvaldið mjög miklu. Allir höfðu atvinnu, það voru byggðar stórar blokkir, svo að allir hefðu húsnæði og flestir áttu bíla sem voru búnir til í Austur-Evrópu. Það voru líka byggð sjúkrahús og allir gátu farið til læknis. Ókosturinn var sá að fólk hafði ekki um margt að velja og flestir voru frekar fátækir af því að launin voru ekki há.

Eftir stríðið varð mikil uppbygging í Evrópu. Reynt var að byggja aftur borgir sem höfðu hrunið í stríðinu og smám saman varð meiri atvinna og laun fólks hækkuðu. Þá fór bilið á milli austur og vestur Evrópu að breikka.

Í ríkjum austur Evrópu og Sovétríkjunum var ekki **ritfrelsi**. Stjórnvöld vildu skoða allt sem var skrifað í dagblöð, lesið í útvarpi og sýnt í sjónvarpi. Þau vildu ekki að fólk héldi að það væri betra að búa á

Vesturlöndum. Það var ekki heldur **tjáningarfrelsi** og þeir sem töluðu illa um kommúnisma eða stjórnvöld gátu lent í fangelsi. Þess vegna þorðu fáir að segja skoðanir sínar upphátt.



Flóttafólk og pólitískt hæli

Oftast fékk fólk, sem bjó í kommúnistaríkjum, ekki leyfi til að ferðast til Vesturlanda. Íþróttafólk og listamenn gátu þó fengið leyfi til að ferðast, til dæmis til að taka þátt í Olympíuleikum. Stundum kom það fyrir að fólk vildi ekki fara til baka og sótti um **pólitískt hæli** á Vesturlöndum.

Pólitískt hæli: Þegar fólk fær leyfi til að eiga heima í öðru landi en sínu eigin til að sleppa við ofsóknir eða að lenda í fangelsi í heimalandi sínu.

Berlínarmúrinn



Berlínarmúrinn var stór og sterkur múr sem var hlaðinn í gegnum Berlín, sem var höfuðborg Þýskalands, til þess að fólk gæti ekki flúið frá Austur-Þýskalandi til Vestur-Þýskalands í gegnum borgina. Múrinn var reistur árið 1961 og hann stóð til 1989 en þá var hann brotinn niður. Stutt seinna - eða árið 1991 lauk kalda stríðinu á milli austurs og vesturs.

Fólk að fara í gegnum Berlínarmúrinn þegar það var búið að höggva í hann stór skörð (göt).



Geimferðakapphlaup (bls. 17 – 18)



V-2 skotflaugin

Sovétmenn sendu fyrsta gervihnöttinn út í geiminn 4. október 1957. Hann hét Spútnik 1. og var álíka stór og sundbolti.



Hundurinn Laika var fyrsta lifandi veran sem fór út í geiminn. Það var með Spútnik 2, þann 3. nóvember 1957. Þar með var sannað að lifandi vera gæti lifað í þyngdarleysi. Laika dó samt af stressi og ofhitun úti í geimnum en gervihnötturinn sem hún var í fór 2.570 sinnum í kringum



jörðina áður en hann brann upp.

Nú hófst mikið geimferða-kapphlaup á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Bandaríkjamenn voru ekki ánægðir með að Sovétmenn hefðu sent gervihnött út í geiminn á undan þeim og þeir stofnuðu nýja geimferðastofnun, NASA, árið 1958 og eyddu miklum peningum í geimferðarannsóknir.



Fyrst voru Sovétmenn á undan í kapphlaupinu og árið 1961 sendu þeir fyrsta manninn út í geiminn. Það var Rússinn Juri Gagarin.

Síðan náðu Bandaríkjamenn forystunni og 20. júlí 1969 varð Bandaríkjamaðurinn Neil Armstrong fyrsti maðurinn til að stíga fæti á



tunglið með Apollo ellefta. Neil Armstrong dó árið 2012 þegar hann var 82 ára.

Gervitungl eða gervihnöttur er hlutur sem vísindamenn búa til og getur farið í hringi umhverfis jörðina eins og tungl.

Lykilhugtök og heiti sem við ætlum að muna og skilja

Sameinuðu þjóðirnar

Mannúðarstörf

Nýlendur

Kalda stríðið

Risaveldi


Pólitískt hæli

Berlínarmúrinn

Geimferðakapplaup

Að læra og skilja - um kalda stríðið

(Form Frayers)




(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)

**Ein tenging – tvær spurningar – þrjár staðreyndir:
Um geimferðakapphlaupið**

Ein tenging / krækja í fyrri þekkingu

Tvær spurningar

**Þrjár
staðreyndir**



Upprifjun

Á milli hverra var kalda stríðið?

- Bandaríkjanna og Evrópu
- Evrópu og Sovétríkjanna
- Bandaríkjanna og Sovétríkjanna

Hvað er NASA?

- Nátturuverndar-samtök
- Fyrirtæki sem framleiðir vopn
- Geimferðastofnun Bandaríkjanna
- Geimferðastofnun Sovétríkjanna

Hvernig sönnuðu Sovétmenn að lífverur gætu lifað í þyngdarleysi úti í geimnum?

Hver steig fyrstur fæti á tunglið?

Hvað er ritskoðun?



Hvaða fáni er þetta?
